

Mælitækin skulu geymast í lokuðum skáp og þannig útbúin, að hendur mæl- 71
endanna snerti þau aldrei að innanverðu. Skulu þau vera til skipta, svo hægt sé að 30. marz
hreinsa þau öðru hverju og skal það gert úr sjóðandi vatni.

7. gr.

Í mjólkurbúðum má aðeins selja mjólk og mjólkurafurðir, þar með talið smjör, ostur og skyr. Ekki mega kaupendur neyta varanna í búðinni.

Forðast skal þó mjólkurvörur, sem megn lykt er af, svo sem sumar ostategundir. Heilbrigðisnefnd getur þó rýmkað þessi ákvæði við þær búðir, sem eingöngu selja mjólk í lokuðum flöskum.

8. gr.

Enginn má starfa í mjólkurbúð, nema hann hafi læknisvottorð sem sanni, að hann sé ekki haldinn næmum eða óþrifalegum sjúkdómi. Skal vottorð þetta ekki eldra en mánaðargamalt, þegar hann tekur til starfa, og ber að endurnýja það á ársfresti.

Starfsfólk í mjólkurbúðum, sem hefur kvef, hálsbólgu eða sóttthita, skal þegar í stað hætta vinnu í búðinni og á þá þangað ekki afturkvæmt fyrr en það leggur fram læknisvottorð um að af því stafi engin smitunarhætta. Sama gildir og ef það þjáist af niðurgangi, þó að honum fylgi ekki sóttthiti.

9. gr.

Starfsfólk í mjólkurbúðum skal við vinnu sína vera í hvítri hreinni yfirhöfn með hvíta húfu á höfði, er hylji hárið að fullu.

Hrein handklæði og sápa skal jafnan vera hjá þvottaskálanum.

10. gr.

Peninga má ekki leggja á þann hluta afgreiðsluborða, sem umbúðarlausar matvörur eru afgreiddar á, né láta þá snerta umbúðarlausar matvörur.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, til þess að öðlast þegar gildi sem breyting á heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur nr. 3 frá 30. jan. 1905.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 30. marz 1946.

Finnur Jónsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar.

72

27. apríl

1. gr.

Fasteignaskatt skal greiða í bæjarsjóð Siglufjarðar af öllum fasteignum á lög-giltri verzlunarlóð Siglufjarðar, svo sem fyrir er mælt í reglugerð þessari.

2. gr.

- a. Af venjulegum íbúðarhúsum með lóðum, túnnum og görðum 0,4%.
- b. Af íbúðarhúsum, sem í er verzlun, skrifstofur, vinnustofur, verkstæði o. fl. þess háttar, enn fremur af öllum fasteignum Sildarverksmiðja ríkisins 0,7%.
- c. Af óbyggðum lóðum 2%.

- 72 d. Af síldarsöltunarstöðvum, frystihúsum, verksmiðjum og öllum öðrum húseignum en þeim, sem um ræðir í a-, b- og c-lið, með lóð 1%.

27. apríl

3. gr.

Undanþegar fasteignaskatti eru þær fasteignir, sem um ræðir í 4. gr. laga nr. 69 31. des. 1937, og lögum nr. 46 11. júní 1938.

4. gr.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppt.

5. gr.

Skattur þessi fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, og falla dráttarvextir á samkv. lögum nr. 69 1937. Skatt þennan má taka lögtaki. Skatturinn hefur lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og gengur á undan öllum sammingsbundnum veðum í 2 ár frá gjalddaga að telja.

6. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um fasteignaskatt til Siglufjarðarkaupstaðar frá 20. apríl 1938 og reglugerð um breyting á þeirri reglugerð frá 28. febr. 1940.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkv. lögum nr. 69 31. des. 1937, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. apríl 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

73

AUGLÝSING

16. apríl

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún, nr. 23 1. apríl 1936, sbr. auglýsingu nr. 157 22. sept. 1942, um breyting á sömu reglugerð.

Hafnar-, vöru- og ljósagjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu frá 1. maí n. k. innheimtast með 100% viðauka.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 24 12. febr. 1940, um hafnargerð í Stykkishólmi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. apríl 1946.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.